

Dreifing
Skipulagsstofnun
> Þórdís Stella Erlingsdóttir
Borgartún 7b
105 Reykjavík

8. júní 2026

25223

Höfundur
HH / JBW
Yfirfarið/Sambýkkt
JKÁ / EBA

Tílefni
Nýjar borholur í Laugarnesi, Reykjavík
Viðbrögð Veitna við umsögnum um matsskyldufyrirspurn.

1 Viðbrögð við umsögnum

Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var frá 27. apríl til 25. maí 2026. Skipulagsstofnun óskaði eftir umsögnum sem bárust frá 5 aðilum. Tafla 1 gerir grein fyrir umsagnaraðilum og hvort þörf var á viðbrögðum.

Tafla 1. Yfirlit yfir umsagnaraðila sem sendu inn erindi ásamt þörf á viðbrögðum Veitna.

Umsagnaraðili	Viðbrögð
Náttúruverndarstofnun	Ekki þörf á viðbrögðum
Náttúrufræðistofnun	Ekki þörf á viðbrögðum
Umhverfis- og orkustofnun	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.1
Reykjavíkurborg	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.2
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	Þörf á viðbrögðum, sjá kafla 1.3

1.1 Viðbrögð við umsögn Umhverfis- og orkustofnunar

Í umsögn segir:

„Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að aukin vinnslugeta sé einn tilgangur framkvæmdarinnar og bendir Umhverfis- og orkustofnun því Veitum ohf. á að sækja um nýtingarleyfi á svæðinu sem um ræðir.“

Viðbrögð: Þessi ábending er meðtekin og Veitur stefna á að sækja um nýtingarleyfi. Veitur telja eðlilegast að sækja um nýtingarleyfið þegar fyrirhugaðar borholur hafa verið boraðar og prófaðar svo unnt verði að leggja mat á vinnslugetu þeirra.

Í umsögn segir:

„Umhverfis- og orkustofnun bendir á nýlega breytingu á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir þar sem borun er ekki lengur leyfis skyld hjá heilbrigðisnefnd, heldur er jarðborinn, þ.e. bortækið, nú starfsleyfis skyldur hjá Umhverfis- og orkustofnun.“


Viðbrögð: Þessi ábending er meðtekin og munu Veitur tryggja að borverktaki hafi tilskilin leyfi fyrir bortæki áður en framkvæmdir hefjast.

Í umsögn segir:

„Umhverfis- og orkustofnun bendir hins vegar á að betra hefði verið að niðurstöður líkanreikninganna, um vatnsborð á svæðinu, hefðu komið fram í greinargerð.“

Viðbrögð:

Í matsskyldufyrirspurninni eru teknar saman niðurstöður Vatnaskila um áhrif vinnslu, bæði miðað við samskonar vinnslu og árið 2018 og miðað við aukna vinnslu til langs tíma. Veitur taka undir það að myndir sem sýna vatnsborð fyrir þessi tilfelli hefðu mátt koma þar fram. Efri myndin sýnir vatnsborð miðað við samskonar vinnslu og árið 2018 og neðri myndin sýnir m.a. vatnsborð miðað við 20% og 40% vinnsluaukningu í Laugarnesi.



Í umsögn segir:

„Þá kemur fram að borsvarf verði fangað í svarfþró en hins vegar kemur ekki fram hvernig framkvæmdaraðili hyggist farga borsvarfinu.“

Viðbrögð: Að framkvæmdum loknum verður borsvarfi mokað upp og farið með það á viðurkenndan móttökustað fyrir úrgang. Borsvarf héraðs telst almennt til óvirks úrgangs og þarf því yfirleitt ekki að fylgja sérstökum varúðarráðstöfunum við förgun þess.

1.2 Viðbrögð við umsögn skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar

Í umsögn segir:

„Reykjavíkurborg telur að nánar þurfi að skýra hvort fyrirhugaðar nýjar vinnsluholur hafi áhrif á nýtingu á aðliggjandi lóðir.“

Áhrif á nærumhverfi – LAUG-1

Fyrir liggur samkomulag milli Veitna og Reykjavíkurborgar um uppbyggingu á lóð við Lág múla 2. Skilgreint athafnasvæði borholu R-15 hefur áhrif á lóðir við Lág múla 2 og 4. Ef að ný vinnsluhola verður staðsett vestan megin við núverandi borholu telur Reykjavíkurborg mikilvægt að fyrir liggi skýr skilgreining á nýju athafnasvæði, þar sem það mun hafa áhrif á nýtingu og skipulag nærliggjandi lóða. Vinna við skipulagsgerð fyrir Lág múla 2 er í fullum gangi og því er mikilvægt að samráð sé, þannig að allar forsendur og takmarkanir sem kunna að fylgja borun og rekstri holu verði skýrt afmarkaðar og liggi fyrir við mótun skipulags.“

Viðbrögð: Veitur vinna að því í samstarfi við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar að tryggja athafnasvæði fyrir allar lághitaholur innan borgarmarka og eru nýjar holur hluti þeirrar vinnu. Í tengslum við skipulagsgerð fyrir Lág múlann eru Veitur að teikna nánar upp nauðsynlegt athafnasvæði fyrir þær holur og munu vinna það áfram með Reykjavíkurborg.

1.3 Viðbrögð við umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Í umsögn segir:

„HER vill byrja á að gera athugasemd að í kafla 8.1. er tilgreint að framkvæmdin sé háð starfsleyfi HER. Svo er ekki, búið er að fella niður starfsleyfis skyldu jarðboranna og er nú aðeins jarðborinn sjálfur leyfis skyldur. Umhverfis- og orkustofnun (UOS) gefur út leyfi fyrir jarðbor.“

Viðbrögð: Þessi ábending er meðtekin og munu Veitur tryggja að sótt verði um starfsleyfi fyrir jarðborinn til Umhverfis- og orkustofnunar.

Í umsögn segir:

„Árið 2022 var borað í Bolholti og voru helstu umhverfisáhrif hávaði vegna framkvæmdarinnar og í einu tilviki komu upp stórir froðuflákar við borunina sem fuku út á götu. Nú hafa íbúðarhús verið byggð nær borsvæðinu en var þá. Reynist borframkvæmdin vera mjög hávær ætti að grípa til mótvægisáðgerða til að draga úr ónæði í þessum húsum. Á hinum borsvæðunum er meiri fjarlægð yfir í íbúðarhús en þó geta íbúar mögulega fundið fyrir einhverju ónæði.“

Viðbrögð:

Við fyrirhugaða borun verður notast við nýtt bortæki, Von, sem er minna umfangs og hljóðlátara en tækið sem var notað 2022. Erfitt getur reynst að skerma alveg fyrir hávaða við Bolholt vegna takmarkaðs pláss og hæðarlegu í landi en Veitur munu taka til

skoðunar hvort mögulegt sé að staðsetja gáma til norðurs við borsvæði sem geti að einhverju leyti dregið úr hávaða gagnvart íbúðarbyggð. Veitur munu standa fyrir viðvarandi upplýsingagjöf til íbúa og atvinnustarfsemi í nágrenninu og upplýsa um framkvæmdatíma og ætlaðan hávaða sem má vænta yfir vinnutíma.

Í umsögn segir:

„HER saknar þess að ekki sé fjallað sérstaklega um möguleg mengunaróhöpp og viðbrögð við þeim í matsskyldufyrirspurninni. Við framkvæmdina eru notuð, auk borsins, önnur tæki sem gætu lekið olíu eða valdið öðrum skaða á umhverfinu. Hægt er að setja skilyrði um viðbragðsáætlun vegna mengunaróhappa í framkvæmdaleyfi og telur HER það nauðsyn. Ekki liggja fyrir ennþá starfsleyfisskilyrði fyrir jarðbora svo ekki er unnt að fullyrða að tekið sé á slíku í leyfi borsins.“

Viðbrögð: Framkvæmdir munu ekki hefjast fyrr en eftir að borverktaki hefur aflað tilskilinna starfsleyfa til Umhverfis- og Orkustofnunar þar sem fram koma m.a. viðbrögð við mengunaróhöppum og viðbragðsáætlun. Veitur hafa átt í samskiptum við stofnunina vegna annarra bortækja og er ljóst að slíkt sé forsenda fyrir því að borverk geti hafist.